

Ed.

447. Frumvarp til laga

um girðingar kringum hveri og laugar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Skylt er að afgirða hveri og laugar (50° C og þar yfir), sem i byggð eru eða svo nærri byggð, að mönnum geti stafað hætta af fyrir líf eða limu, að dómi sveitarstjórnar. Skal girðingin vera svo traust, að tilgangi þessum sé náð.

Sveitarstjórn skal semja skrá um þá hveri og laugar, sem girða skal, og tilkynna eigendum. Einnig skal hún kveða á um gerð girðinga.

2. gr.

Girðingarskylda samkvæmt 1. gr. hvílir á eiganda hvers og laugar. Sé slíkum girðingum eigi komið upp innan árs frá tilkynningu sveitarstjórnar, skal löggreglurstjóri héraðsins láta setja þær upp á kostnað eigenda, og má taka kostnaðinn lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.